

From: "Birna Hreidarsdóttir" <[birna@norm.is](mailto:birna@norm.is)>  
To: "" <[gislig@faxafloahafnir.is](mailto:gislig@faxafloahafnir.is)>  
Date: Tue, Jul 14, 2015 13:55  
Subject: Bætt aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum

Góðan daginn Gísli, bætt aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum verður sífellt mikilvægara málefni sem taka verður á, ekki síst eftir þar sem senn líður að því að Alþingi fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en í samningnum er að finna viðtæk réttindi til handa fötluðu fólk til að geta ferðast sem mest hindrunarlaust. Nú hefur fengist vilyrði frá NORA, samstarfsvertvangi landa í Norður-Atlantshafi ([www.nora.fo](http://www.nora.fo)) um styrk að upphæð 6 milljónir króna fyrir árið 2015 til gerðar handbókar fyrir ferðajónustuaðila á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi sem ætluð er til að auðvelda þeim að bæta aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu sem veitt er ferðamönnum. Forsenda styrksins er að mótframlög fáist innanlands frá löndunum þremur, en áhersla er lögð á að innlendir aðilar komi jafnframt að fjármögnun verkefnisins á grundvelli fyrilliggjandi skuldbindinga, ma. samnings SP sem nú þegar hefur viðtæk áhrif víða um lönd.

Þess er því vinsamlega farið á leit við Faxaflóahafnir að styðja þetta mikilvæga málefni með því að veita styrk til verkefnisins svo að það verði að veruleika. Mikilvægt er að verkefnið geti hafist sem fyrst og því eru skjót svör við beiðni þessari vel þegin. Nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjölum með tölvubréfi þessu.

Með vinsemð og virðingu.

**Birna Hreiðarsdóttir**

Framkvæmdastjóri /  
General Manager

5718811 / 8928308  
[birna@norm.is](mailto:birna@norm.is)  
[www.norm.is](http://www.norm.is)